# Safnfræðsla 2022–2023



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
ART MUSEUM
HAFNARHÚS

**Erró,** *Spagettí,* 1971

# Miðlun og sýningar

## 2022–2023

**Listasafn Reykjavíkur tekur vel á móti nemendum á öllum skólastigum – og öllum að kostnaðarlausu!**
**Safnið starfar í þremur safnhúsum og annast flest útilistaverk í borginni. Komið með hópinn ykkar, við hlökkum til að sjá ykkur!**

### Ásmundarsafn
**v/Sigtún, 105 Reykjavík**
Sumaropnun daglega 1. maí til 30. september kl. 10–17.
Vetraropnun daglega 1. október til 30. apríl kl. 13–17.

### Hafnarhús
**Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík**
Opið daglega frá kl. 10–17 og fimmtudaga kl. 10–22.

### Kjarvalsstaðir
**Flókagötu 24, 105 Reykjavík**
Opið daglega kl. 10–17.

**Boðið er upp á fræðslu fyrir skólahópa alla virka daga kl. 8.30–16.00 óháð almennum opnunartímum.**

**Verið í sambandi – bókið heimsókn – Bókunarkerfi: listasafnreykjavikur.is > Miðlun > Bóka skólahóp**
Heimasíða: listasafnreykjavikur.is
Netfang: fraedsludeild@reykjavik.is
Sími: 411 6400 / 411 6407

**Fræðslustarf Listasafns Reykjavíkur**
Kjarninn í fræðslustarfi Listasafns Reykjavíkur eru listaverkin sjálf. Á hverju ári býður safnið upp á fjölda sýninga með verkum frá ýmsum tímum. Myndlist er sett í samhengi sem ein leið til þess að kanna heiminn í kringum okkur. List hefur þýðingarmikið hlutverk í samfélagi og menntun. Með því að skoða myndlist þjálfum við okkur í gagnrýninni hugsun og hæfileika okkar til að eiga skoðanaskipti sem eru okkur nauðsynlegt veganesti í lífinu.

Við bjóðum öllum nemendum á hvaða skólastigi sem er upp á safnfræðslu um allar sýningar. Í hverri heimsókn reynum við að skapa vettvang fyrir nemendur til að taka þátt í umræðum þar sem hver og einn fær tækifæri til að tjá sig um eigin upplifun og hlusta á aðra. Við getum hæglega aðlagað heimsóknina þeim áherslum sem hver hópur óskar eftir eða boðið almenna leiðsögn um sýningar og jafnvel útilistaverk.

**Hvernig á að bóka hóp?**
**Nýtt bókunarkerfi – betri og skilvirkari þjónusta**
Miðlunarteymi safnsins hefur aðsetur í Hafnarhúsinu. Hægt er að bóka heimsókn á heimasíðu safnsins, listasafnreykjavikur.is, undir flipanum Miðlun og þar á flipanum Bóka skólahóp. Skráningarkerfið staðfestir strax valda tíma og minnir á heimsóknir sólarhring áður. Á heimasíðu má finna myndband með leiðbeiningum um hvernig á að bóka skólahóp. Ath. að bóka með góðum fyrirvara til að við getum skipulagt leiðsögn hópsins. ***Við miðum við að bókanir með leiðsögnum séu gerðar með minnst 10 daga fyrirvara*** og er kerfið stillt eftir því. Sé óskað eftir því að koma með hóp ***án leiðsagnar*** má hafa samband með styttri fyrirvara og athuga hvort það sé laus tími fyrir þann fjölda sem hópurinn telur – í því húsi sem óskað er eftir. Það má gera annað hvort í gegnum netfangið fraedsludeild@reykjavik.is eða í síma listasafnsins 411 6400. ***En öruggast er að taka frá tíma með góðum fyrirvara í gegnum bókunarkerfið okkar og skráninguna þar, hvort sem óskað er eftir leiðsögn eða ekki.***

Varðandi aðrar fyrirspurnir eða aðstoð við bókun má hafa samband við okkur alla virka daga. Safnkennarar okkar geta tekið á móti hópum virka daga kl. 8.30–16.00

Hámarksfjöldi nemenda í hópi eru 25, eða einn bekkur m.v. að kennarar fylgi nemendum.
**Við mælum með því að koma oftar með minni hópa, þar sem 10–15 nemendur eru alltaf draumastærðin, til að allir nemendur njóti sín í samræðu og upplifun.**

Heimsókn með safnfræðslu fyrir nemendur tekur ríflega eina kennslustund en hægt er laga hana að þörfum hópsins. Safnkennarinn kynnir valin verk á sýningum, hvetur til umræðu og býður gjarnan upp á létt verkefni, leiki og/eða umræður inni í sýningarsal. Fyrir heimsókn er gott fyrir okkur að vita hvort og þá hvernig hópurinn sé undirbúinn, hvort óskað sé eftir áherslu á ákveðið viðfangsefni eða að tengja skuli við sérstakan hluta námskrár.

**Leikskólar**
Safnfræðsla fyrir leikskólanema miðast við eldri árganga skólans sem oft eru að koma í fyrsta sinn á safn. Við mælum sérstaklega með heimsókn í Ásmundarsafn sem er áhrifarík bygging með góðu útivistarsvæði í höggmyndagarðinum í kring. Listaverk Ásmundar eru aðgengileg og hafa oft að geyma tilvísanir í hinar ýmsu sögur sem höfða til ungra barna. Verk Kjarvals eru alla jafna aðgengileg á Kjarvalsstöðum og verk Errós í Hafnarhúsinu. Perlufestin er höggmyndagarður kvenna í Hljómskálagarði sem einnig er skemmtilegt að heimsækja og hægt að fá leiðsögn um. Að auki eru ýmsar tímabundnar sýningar í safnhúsunum sem kunna að höfða til leikskólabarna og best að ræða það við starfsfólk safnsins í aðdraganda heimsóknar, eftir að búið er að bóka tíma í bókunarkerfinu.

**Grunnskólar**
Flestar sýningar Listasafns Reykjavíkur henta grunnskólanemum á öllum aldri sem og nemendum í skipulögðu frístundastarfi. Safnið leggur sérstaka áherslu á 4., 5./6. og 8. bekk/valhópa á unglingastigi, sem er boðið upp á ólík verkefni tengd Erró, Kjarval og Ásmundi. ***Þessum árgöngum í grunnskólum Reykjavíkur er boðið upp á rútuferðir til og frá skóla***. Kennarar geta fyllt út beiðni um rútur fyrir þessa aldurshópa í sérstökum reit í bókunarkerfinu. Skólahópar í öðrum bekkjum eða utan höfuðborgarinnar eru auðvitað velkomnir í leiðsögn sér að kostnaðarlausu en þurfa að komast á staðinn á eigin vegum.

***Listin að segja sögur – Ásmundarsafn fyrir 4. bekk***
Leiðsögn safnkennara með verkefni um ævi og höggmyndalist Ásmundar Sveinssonar. Börnin læra hugtök tengd þrívíðri myndlist og vinna með sjónarhorn, efni og áferð í gegnum sögur og leik. Verkefnið er unnið á staðnum og á að varpa ljósi á listamanninn, samtíð hans og viðfangsefni. Listaverk Ásmundar eru oftar en ekki hlaðin frásögn, þau vísa í Íslendingasögur, þjóðsögur og goðafræði – en einnig í daglegt líf fyrri tíma.

***Listin að rannsaka – Kjarvalsstaðir fyrir 5. og 6. bekk***
Leiðsögn safnkennara með verkefni veitir innsýn í ævistarf Jóhannesar Kjarvals, sem var einn af frumkvöðlum íslenskrar málaralistar. Nemendur skoða lykilverk eftir listamanninn og vinna verkefni. Sjónum er beint að rannsóknum Kjarvals á náttúrunni og ólíkum birtingarmyndum hennar í málverkum hans. Um þessar mundir býður Borgarleikhúsið börnum í 5. bekk upp á leiksýningu um líf og list Kjarvals og er tilvalið að koma á Kjarvalsstaði áður eða eftir slíka leikhúsferð.

***Listin að gera tilraunir – Hafnarhús fyrir unglingastig***
Hvernig fara listamenn að því að víkka út listræn mörk og fá nýjar hugmyndir? Í Hafnarhúsinu er áherslan á samtímamyndlist þar sem listmiðillinn er í stöðugri endurskoðun. Verk listamannsins Errós eru þar til sýnis en hann hefur tileinkað sér stefnur og strauma í anda popplistar. Við hugsum um aðferðir hans við að nota fundnar myndir og setja fram í nýju samhengi.

***Perlufesti – höggmyndagarður kvenna í Hljómskálagarði***
Höggmyndagarðurinn Perlufesti var opnaður þann 19. júní 2014 en hann er til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar. Hér gefst tækifæri til að njóta útiveru og hugsa m.a. um hlutverk listaverka í opinberu rými, ólík form, stílbrigði eða inntak, sögu jafnréttisbaráttu og bregða á myndastyttuleik. Boðið er upp á leiðsögn safnkennara, skólum að kostnaðarlausu.

***Flökkusýningar***
Grunnskólum stendur til boða að fá sérhannaðar fræðslusýningar að láni til sín í skólana. Um er að ræða tvær kistur sem opnast í lítið sýningarrými með alvöru listaverkum úr safneign. Þetta eru færanlegar einingar sem hægt er að setja upp í kennslustofu eða opnu rými í skólanum. Val stendur á milli tveggja sýninga og fylgja þeim verkefni fyrir nemendur. Boðið er upp á kynningu safnkennara á sýningu og verkefnum fyrir starfsfólk. Flökkusýningar eru sendar í grunnskóla Reykjavíkur þeim að kostnaðarlausu. Öðrum skólum standa þær gjarnan til boða gegn sendingarkostnaði en leiðsögn safnkennara fylgir alltaf frítt með.

**Framhaldsskólar**
Viðfangsefni listamanna eru fjölbreytt og oft verða til verk sem kallast á við málefni líðandi stundar. Út frá myndlist er hægt að ræða stjórnmál, umhverfismál, stríð, loftslagsbreytingar, trúmál, kynvitund eða annað tengt samfélagi, daglegu lífi og samtíma. Þannig getur myndlist komið af stað umræðu og orðið að hvata til breyttra viðhorfa. Í Hafnarhúsi er alltaf hægt að ganga að ögrandi sýningum á samtímalist sem eiga í beinu samtali við tíðarandann og gefa nemendum gott tækifæri til að rýna í það tungumál sem myndlist er. Framhaldsskólahópar eru velkomnir í heimsókn þeim að kostnaðarlausu og safnkennarar mæta þeim á þeirra forsendum í lifandi spjalli um listina og lífið, en einnig geta kennarar haft samband við miðlunardeildina ef óskað er eftir því að vinna út frá sérstöku umræðuefni eða tengja enn frekar námið í skólanum og á safninu. Þá er mjög jákvæð leið að hugsa heimsóknir sem samtal milli kennara og leiðbeinenda á safninu og svo auðvitað nemendahópins.

Vilji nemendur koma á eigin vegum er sem fyrr er ókeypis í öll hús fyrir gesti yngri en 18 ára en eldri nemendur geta fengið árskort með afslætti og þá komið hvenær sem þeim hentar í safnhúsin. Kennarar eru beðnir um að senda með góðum fyrirvara ***nafnalista*** þeirra hópa sem þeir hyggjast senda einstaklingslega á safnið, til að vinna að ákveðnum verkefnum, á netfangið fraedsludeild@reykjavik.is. Þá er hægt að veita nemendum sem koma vegna verkefnavinnu frían aðgang að safninu með því að þeir meldi sig hjá móttöku.

**Háskólar**
Í Listasafni Reykjavíkur er hægt að fræðast um myndlist í sögu og samtíð en ekki síður um starfsemi safnsins. Óski háskólakennari eftir leiðsögn um afmarkað efni á sýningum eða aðrar áherslur á fræðasviði safnsins er bent á að hafa samband við miðlunardeild á netfangið fraedsludeild@reykjavik.is eða í síma 411 6405.

Miðlunardeild safnsins skipuleggur jafnframt opna fyrirlestra og stefnumót við listamenn, sýningarstjóra og aðra sérfræðinga í tengslum við sýningar. Í boði er árskort á góðum kjörum fyrir 28 ára og yngri til þess að sækja allar sýningar og viðburði. Þá fá námsmenn afslátt á stökum miðum.

**Kennarakönnun 2022–2023**
Þetta skólaár munum við leitast við að fá sérstaklega álit kennara á þjónustu okkar við skólana og munum því senda kennurum sem heimsækja okkur hlekk á könnun tengda heimsóknum þeirra á safnið. Við hvetjum kennara til að svara könnuninni þegar hún berst.

**Útilistaverkaverkaapp**
**með hljóðleiðsögnum og ratleik**
Útilist í Reykjavík (Reykjavik *Art Walk)* er heitið á smáforriti sem hlaða má niður í snjalltæki og er tilvalið að nota um allan borg til fræðslu og ánægju. Þar er að finna upplýsingar um öll útilistaverk í Reykjavík og höfunda þeirra. Appið er hægt að nota á fjölbreyttan hátt í kennslu, þar er einnig hægt að finna leik í mismunandi þyngdarstigum, hljóðleiðsagnir, ratleik og margt fleira. Hægt að hlaða niður bæði í Apple og Google kerfum, bæði á ensku og íslensku.

**Barnamenningarhátíð, haustfrí og vetrarfrí** eru tilvalin tímabil til samstarfs og hefð er fyrir góðu samstarfi milli Listasafns Reykjavíkur og kennara í skólum varðandi sýningarhald eða smiðjuvinnu t.d. í tengingu við yfirstandandi sýningar safnsins, flökkusýningu og/eða vinnu með listamönnum. ***Gott er að leggja drög að slíku samstarfi í byrjun haustannar.***

**Samstarf við kennara og fagfélög þeirra.** Við hvetjum kennara og fagfélög þeirra að hafa samband og nýta sýningar safnsins sem námsvettvang og kveikjur. Einnig eru viðburðir safnsins, námskeið, málþing og önnur dagskrá mjög góður símenntunarkostur fyrir skapandi kennara. Við hvetjum kennara til að ***skrá sig á póstlista safnsins*** og fá vikulegar upplýsingar um dagskrá safnsins og boð á opnanir á sýningum beint inn á pósthólfið sitt. Sendið endilega beiðni á fraedsludeild@reykjavik.is

**A Bra Ka Da Bra** **skemmtilegur fræðsluvefur um samtímalist!**
Listasafn Reykjavíkur hefur þróað fræðsluvef á heimasíðu sinni sem er sérstaklega hugsaður fyrir fræðslu í skólum á öllum skólastigum, en mikil þörf hefur verið á nýlegu efni um samtímalist á íslensku hannað með þennan aldur í huga.

**Fræðsluvefurinn** ber heitið **A Bra Ka Da Bra**, en orðið er tökuorð úr fornum tungumálum sem merkir: *Það sem ég segi verður að veruleika.*
Vefurinn skiptist nú í þrjá hluta:
**Orðabók:** Hér er að finna ýmis orð og hugtök sem notuð eru um myndlist. Þau hjálpa til við að lýsa því hvernig listaverk verður til, um hvað það fjallar og hvernig það virkar. Við sum hugtakanna er að finna stutt video með skýringum.
**Þættir:** Í þáttunum spjallar listamaðurinn Krassasig við fjögur ungmenni um þeirra upplifun af samtímalist út frá sýningu á listaverkum í safneign Listasafns Reykjavíkur. Videóin eru 10–15 mínútur að lengd hvert og því tilvalin sem kveikja í upphafi tíma.
**Spurt og svarað:** Í þessum hluta er hægt að senda inn spurningar og skoða spurningar og svör um myndlist. Allir geta sent inn spurningar á spurningavefnum og fengið svar, en áhugaverðar spurningar verða einnig birtar nafnlaust á vefnum.
www.listasafnreykjavikur.is/midlun/abrakadabra

## HAFNARHÚS 2022
**Erró – Kraftur mynda**
**ath. til 29. september!**
Hafnarhúsið er allt undirlagt af verkum Errós frá því snemma á ferli hans til dagsins í dag. Þessi yfirlitssýning veitir innsýn í fjölbreytt verk listamannsins, þær ólíku myndaraðir sem hann hefur unnið og hvernig stílbrigði hans hafa mótast. Þar má sjá hvaða viðfangsefni hafa verið honum ofarlega í huga og hvernig hann hefur notað listsköpun sína til þess að leggja orð í belg í heimsmálunum. ***Ath sérstakt tilboð til grunnskóla Reykjavíkur á þessa sýningu***, elstu bekkjum stendur til boða frí rútuferð í Hafnarhús ásamt leiðsögn um sýninguna *Kraftur mynda*.

**Иorður og niður**
Hugmyndir um norðrið hafa tekið stórum og örum breytingum á síðustu árum. Bæði hefur ímynd þess breyst í augum umheimsins og sjálfsmynd þeirra sem þar búa. Breytingarnar snúa að náttúru, loftslagi og hafi en líka samfélögum og einstaklingum þar sem árhundruða saga frumbyggja og mun skemmri saga aðfluttra hópa fléttast saman. Ný verk listamanna frá svæðum Norður-Atlantshafsins eru sýnd saman á þessari viðamiklu sýningu ásamt því að gefin er út vegleg sýningarskrá.

**Sigurður Guðjónsson**
Einn fremsti vídeólistamaður íslenskrar listasenu var valinn til þátttöku á Feneyjatvíæringnum í ár. Sigurður á að baki áhugaverðan feril þar sem hann hefur skapað verk allt frá súrrealískum kvikmyndaverkum yfir í kyrrlátar hljóð- og vídeóinnsetningar þar sem hann beinir sjónum að mörkum analóg og stafrænnar tækni. Í safneign Listasafns Reykjavíkur eru varðveitt nokkur lykilverk listamannsins sem eru nú sýnd ásamt eldri og yngri verkum til þess að veita innsýn í myndheim þessa sérstaka listamanns.

## KJARVALSSTAÐIR 2022
**Guðjón Ketilsson – yfirlitssýning**
Guðjón hefur komið víða við á löngum ferli. Einkum hefur hann lagt rækt við skúlptúr en teikning leikur einnig stórt hlutverk í listsköpun hans. Áberandi í verkum hans er áherslan á handverk, enda eru verk hans kunn fyrir listfengi, hugvitsemi og alúð. Manneskjan er þar fyrir miðju, líkaminn og framlenging hans í gegnum föt og verkfæri, sem og híbýli og annað í hennar nánasta umhverfi. Þá er tungumálið veigamikill þáttur, síður út frá merkingu orðanna og fremur tengt heimi táknfræðinnar, þar sem samhengi stakra og ólíkra tákna dregur fram heildstæða merkingu.

**Jóhannes S. Kjarval**
Kjarvalsstaðir eru vettvangur þar sem list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals hefur verið kynnt með ýmsu móti frá því húsið var opnað árið 1973. Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans, náttúru landsins, kynjaverur og fólkið í landinu. Í landslagsmyndum sínum birti Kjarval íslenska náttúru á gjörólíkan hátt en áður hafði tíðkast og kenndi landsmönnum að horfa á landið nýjum augum og meta fegurðina sem býr í hrauninu og mosanum við fætur okkar.

## ÁSMUNDARSAFN 2022
**Unndór Egill Jónsson og Ásmundur Sveinsson**
Ásmundur var á meðal frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar og sótti innblástur fyrst og fremst í íslenska náttúru og bókmenntir, sem og til þjóðarinnar í landinu. Hér er verkum hans skeytt saman við ný verk eftir samtímalistamann. Á milli kynslóðanna eru fjölmargir þræðir sem skapa áhugaverða spennu en þar er einnig að finna kraftmikinn samhljóm. Í verkum Unndórs Egils Jónssonar eru allsráðandi náttúrlegar umbreytingar, ferli og leit að nýjum sjónarhornum á umhverfið. Hann nýtir sér í bland myndlist, hönnun, handverk, trésmíðar og verkfræði til þess að skapa einstök verk sem ramba á barmi náttúru og tækni.

## AFMÆLISÁRIÐ 2023
Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölbreyttu sýningahaldi og varðveitir umfangsmikla listaverkaeign. Starfsemin er einkum sýnilega á þrem stöðum í borginni; á Kjarvalsstöðum, í Ásmundarsafni og Hafnarhúsi. Árið 2023 verða 50 ári liðin frá því safnið opnaði fyrstu sýningarsali sína á Kjarvalsstöðum og því tækifæri til að líta til baka og skoða sögu Listasafns Reykjavíkur og hvernig sú saga endurspeglar þróun íslenskrar myndlistar. Á þeim 50 árum sem hér eru til skoðunar hafa verið tekin stór skref bæði hvað varðar starfsumhverfi myndlistarmanna, fagmennsku í allri framsetningu og umfjöllun. Nú á fyrrihluta 21. aldar eru listamenn samtímans hluti af alþjóðlegri hringiðu myndlistarinnar og á það sama við um Listasafn Reykjavíkur.

Á afmælisárinu 2023 verður sérstök áhersla lögð á safneignina. Í öllum sýningarhúsum og á dagskrá safnsins verður safneignin sýnileg með ýmsum hætti. Auk fjölbreyttrar nálgunar við val á verkum til sýninga, m.a. í samstarfi við skólabörn og aðra leikmenn, verða í boði aðrar áhugaverðar sýningar eins og hér segir:



## HAFNARHÚS 2023
**D-salur**
Sýningaröðin í D-sal hóf göngu sína árið 2007 og heldur áfram á afmælisárinu. Nú nálgumst við 50. sýninguna í röðinni! Hér er myndlistamönnum sem hafa áhrif á íslenska myndlistarsenu boðið að halda sína fyrstu einkasýningu í opinberu safni. Á sýningunum gefst jafnan tækifæri til þess að sjá viðfangsefni, efnismeðferð og úrvinnslu sem kallast á við samtímalistina í víðu samhengi.

## KJARVALSSTAÐIR 2023
**Hildur Hákonardóttir – yfirlitssýning**
Rannsóknarverkefni sem fjallar um hlut kvenna í íslenskri myndlistarsögu, nánar tiltekið um myndlistarkonuna Hildi Hákonardóttur (f. 1938). Ævistarf Hildar er uppspretta innblásturs og þekkingar fyrir myndlistarmenn og allan almenning. Verkefnið er að skoða feril hennar í heildarsamhengi, þar sem myndlist er útgangspunktur. Starf Hildar á sviði myndlistar, ritlistar, ræktunar, menntunar og samfélagsmála er verðugt verkefni, til að skoða sem eina samhangandi heild, sem þó á sér mismunandi birtingarmyndir. Heild sem á rætur í djúpri þekkingu hennar og óþrjótandi áhuga á að rétta hlut hins kvenlega í heiminum.

## ÁSMUNDARSAFN 2023
***Ásmundur Sveinsson og Carl Milles***
Carl Milles er einn virtasti myndhöggvari Svíþjóðar og líkt og Ásmundur gaf hann hús sitt, vinnustofu og verk til þjóðar sinnar eftir sinn dag. Carl Milles var lærifaðir Ásmundar á námsárum hans í Stokkhólmi en árið 2020 voru hundrað ár liðin frá því að Ásmundur hóf nám við Konunglega sænska listaháskólann undir handleiðslu Milles. Milles nýtti sér sögu og menningu eigin þjóðar sem innblástur í verk sín og á sama hátt hvatti hann Ásmund til þess að leita fanga í íslenska menningararfleið sem glögglega má sjá í verkum hans allan hans feril. Báðir lögðu þeir mikla áherslu á að listin ætti heima í almannarými og að þar nyti hún sín best þar sem flestir hefðu aðgang að henni.

Hér hafa verið talin upp brot af sýningardagskrá Listasafns Reykjavíkur í vetur og við hvetjum ykkur til þess að fylgjast með á vefsíðu okkar til að fá nánari upplýsingar um það sem er í boði hverju sinni.
***Sjáumst á safninu í vetur!***

